

1886.

15. ágúst.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um að manni fyrir innan tvítugt sé neitað um leyfi til að kvongast.

Útaf þegnlegri bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 20. júnímán. þ.á., þar sem Jón Jónsson, yngismaður, á Rauðuskriðu í Þingeyjar sýslu, sækir um leyfi til að kvongast, þó að hann sé ekki nema á 19. aldurs ári, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann sækir um.

17. ágúst.

71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um það, hvar íslenzkir sakamenn, sem dæmdir eru í hegningarvinnu, eigi að út taka hegninguna.

Um það, í hvaða hegningarhús eigi að flytja fanga frá Íslandi, sem dæmdir eru til opinberrar vinnu, skal eptirleiðis farið eptir reglum þeim, er nú skal greina;

alla karlmenn, sem dæmdir eru í betrunarhúsvinnu, á að flytja í hegningarhúsið á Kristjánshöfn;

alla kvennmenn, sem dæmdir eru til opinberrar vinnu, á einnig að flytja í hegningarhúsið á Kristjánshöfn; og

alla karlmenn, sem dæmdir eru í tukthúsvinnu, í hegningarhúsið hjá Horsens.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra stiptamtmaður (amtmaður), yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtíð það öllum valdsmönnum í umdæmi yðar.